

121 Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum  
17. sept. þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

122  
30. okt.

## AUGLÝSING

um það, hvernig hestöfl vélar skuli ákveðin.

Samkvæmt j-lið 2. gr. l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Með hestafli skipsvélar er átt við orku þá, sem aðalvél skipsins gefur, til þess að knýja skipið áfram, miðað við fjögurra klst. siglingu á því fullfermdu. Hestöfl skulu reiknuð eftir neðanskráðri reglu:

$$H \ddot{O} = \frac{\sqrt[3]{P} (P^2 \cdot \sqrt[3]{S \cdot a \cdot n + b \cdot H})}{c}$$

P- ketilþrýstingurinn í kg á hvern fersentímetra.

þ- þvermál lágþrýstistrokks í sentímetrum.

S- bulluslagið í sentímetrum.

n- tala jafnstórra lágþrýstistrokka.

H- hitaflötur ketilsins í fermetrum.

Sn- snúningshraðinn á mínútu.

Þegar  $S \times Sn$  er minna en 2,5 er a 1,00

3300	-	-	-	3,0	-	-	1,10
	-	-	-	3,5	-	-	1,25
	-	-	-	4,0	-	-	1,40
	-	-	-	4,5	-	-	1,55

Stuðlarnir b og c fara eftir bulluslaginu.

Þegar S er minna en 20 cm, er b 265 c 340

-	-	-	-	40	-	-	270	-	345
-	-	-	-	60	-	-	275	-	355
-	-	-	-	80	-	-	280	-	365
-	-	-	-	100	-	-	285	-	375
-	-	-	-	120	-	-	290	-	385
-	-	-	-	140	-	-	295	-	395

Þegar S liggur á milli ofangreindra sentímetratalna, skal finna b og c með **122**  
interpolation. 30. okt.

Sé vélsúgur notaður, skal hækka stuðulinn b um 10%.

Til hitaflatarins H. telst:

Allt yfirborð ketilpípnanna, milli pípuplatanna.

Allt yfirborð eldholanna, niður að miðri rist, milli saumfara til beggja enda.

Yfirplata og hliðarplötur bálholsins niður að línu, sem er 76 mm undir miðlínu eldholans (en sé hliðarplata yfir botni bálholsins, skal mæla að henni).

Innri pípuplatan, að frádregnu flatarmáli pípnanna.

Bakplata bálholsins, að línu sem er 76 mm undir miðlínu eldholans.

Ofangreind regla gildir fyrir vélar, sem hafa lægri eimprýsting en 16 kg á hvern fersentímetra og meðalprýsting meiri en 1,6 kg á hvern fersentímetra.

$$\text{Meðalprýstingurinn } mp = \frac{225000 H \ddot{O}}{n. F. S. Sn.}$$

F er flatarmál lágprýstibullu í <sup>2</sup>fersentímetrum.

$$\text{Mótorar. } H \ddot{O} = \frac{T. F. mp. S. Sn.}{G. 225000}$$

T- tala jafnstórra strokka.

F- flatarmál bullu í fersentímetrum.

mp- meðalprýstingurinn í kg á hvern fersentímetra.

S- bulluslagið í sentímetrum.

Sn- snúningshraðinn á mínútu.

G-  $\left\{ \begin{array}{l} 4 \text{ fyrir fjórgengismótora.} \\ 2 \text{ fyrir tvígengismótora.} \end{array} \right.$

Fyrir mótur af lágprýstigerð	er pm = 2,5	kg á hvern fersentím.
— — — miðprýstigerð	— — — = 3,0	— — — — —
— — — háprýstigerð	— — — = 5,5	— — — — —
— benzínmótora . . . . .	— — — = 5,0	— — — — —
— Dieselmótora . . . . .	— — — = 6,2—8	— — — — —

eftir gerð mótorsins.

Hestöfl þau, sem reiknuð eru út eftir ofangreindri reglu, skulu minkuð um 10%, sé um einvirkan tvígengismótur að ræða, en sé vatnsinnspýting notuð, skal bæta við 10%, hvort heldur það er tví- eða fjórgengismótur.

## 2. gr.

Komi það fyrir, að aðalvél skips sé mjög frábrugðin áður greindum vélar- tegundum, setur atvinnuáráðuneytið aðrar reglur um útreikning hestafla slíkra véla.

1936

358

122

3. gr.

30. okt.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1936.*

**Haraldur Guðmundson.**

*Vígfús Einarsson.*

123

12. nóv.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 30. maí 1921.**

Vörugjald af harðfiski samkvæmt 20. gr. reglugerðarinnar skal lækka úr 40 aurum fyrir hver 100 kg niður í 20 aura.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1937.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóvember 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

124

16. nóv.

## AUGLÝSING

**um breyting á fundarsköpum fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar frá 18. ágúst 1930.**

3. gr. fundarskapanna orðist þannig:

Fundir bæjarstjórnar eru tvennskonar, almennir fundir og aukafundir. Almennir fundir skulu haldnir þriðja hvern fimmtudag. Farist almennur fundur fyrir, vegna helgi eða af öðrum ástæðum, skal halda fund einhvern næsta virkan dag á eftir. Almennir fundir byrja kl. 4 e. h., og standa meðan dagskrá endist. Getur  $\frac{1}{3}$  mættra fulltrúa heimtað, að slitið sé fundi á miðnætti, þótt dagskrá sé eigi afgreidd. Aukafundi skal halda svo oft sem bæjarstjóra þykir þurfa, á þeim stað og stundu, er hann ákveður. Hann skal og jafnan boða til aukafundar, ef 5 bæjarfulltrúar óska þess.

1. mgr. 12. gr. fundarskapanna orðist þannig:

Bæjarstjórn má ekki gera ályktun um nokkurt mál, nema minnst helmingur bæjarfulltrúanna, auk forseta eða varaforseta, sé á fundi. Atkvæðamagn skal